

Fundargerð stjórnar Bandalags íslenskra skáta

Fundarstjóri: Marta Magnúsdóttir	Fundur nr. 15/2018
Fundarritari: Sigríður Ágústsdóttir	
Mættir: Marta Magnúsdóttir (MM) skátahöfðingi Berglind Lilja Björnsdóttir (BLB) formaður ungmennaráðs Björk Norðdahl (BN) formaður fræðsluráðs Dagmar Ýr Ólafsdóttir (DÝÓ) aðstoðarskátahöfðingi, formaður félagaráðs Harpa Ósk Valgeirdóttir (HÓV) formaður dagskráráðs Liljar Már Þorbjörnsson (LMP) formaður alþjóðaráðs Kristinn Ólafsson (KÓ) framkvæmdastjóri BÍS	Fundarstaður: Fundur á netinu Dags: 4. sept. 2018 Frá kl. 18:00 Til kl. 22:00
Fjarverandi: Anna G Sverrisdóttir (AGS) formaður fjármálaráðs Jón Egill Hafsteinsson (JEH) formaður upplýsingaráðs	

Dagskrá:

Tími - mín:	Nr.	Fundarefni	Ábyrgð
1	1	Setning MM setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.	MM
1	2	Fundargerðir síðasta fundar Fundargerðir eru sendar til stjórnarmeðlima og ef ekki koma athugasemdir innan þriggja daga frá sendingu teljast þær samþykktar.	MM
10	3	Fjármál 1. Úfljótswatn. KÓ fór yfir stöðuna á Úfljótswatni, fjármál og viðhald og hugmyndir fyrir starfið. 2. Umbun aldursbila/landsmótsstjórna – tillögur – afgreiðsla. Ákveðið og afgreitt.	KÓ/ MM/KÓ
15	4	Stjórnsýsla 1. Gæðamál – úttekt. Samþykkt að biðja um frest á úttekt, áherslan er á skátastarf og uppbyggingu þess. 2. Samstarfsmöguleikar við Skátagildin. DÝÓ og BLB eru með málið. 3. Samningur við Fræðasetrið um gamla muni og möguleikann á að tengja Fræðasetrið við Úfljótswatn. Samþykkt að vinna málið áfram. KÓ ábyrgur. 4. Haustfundir með skátafélögum – farið yfir dagskrá, áherslu stjórnar og skiptingu verkefna. 5. 3ja mánaða markmið um starf ráðanna – tillaga, afgreiðsla. Félagaprennan, tillaga að landsmóti, búningamálin, foringjahandbókin. Næstu áherslur: flokkurinn.	SÁ/ MM/KÓ/ DÝÓ KÓ

		<p>Á skátaþingi 2019... hvernig hefur tekist til með áherslur frá skátaþingi 2018?</p> <p>6. Ferli um vinnuhópa afgreitt.</p> <p>7. Tillaga að verklagsreglum og verkefnum framkvæmdaráðs. Stjórn getur vísað málum til framkvæmdaráðs sem sér einnig aðallega um rekstur og frágang ýmissa mála.</p> <p>8. Ný lög um persónuvernd: Vinna við að setja persónuverndarstefnu BÍS er hafin. SÁ hefur umsjón með verkinu og er í samskiptum við sérfræðing hjá PWC. Frétt verður sett í næsta þriðjudagspóst.</p>	
10	5	<p>Viðburðir og fræðsla</p> <p>1. LMP fór yfir tækifæri í alþjóðastarfi og stöðu ýmissa verkefna á alþjóðavísu.</p> <p>2. Fararstjórn á Jamboree Póllandi – niðurstaða. Samþykkt að Jón Ingvar Bragason verði aðalfararstjóri. Aðrir í fararstjórn eru Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir, Benedikt Þorgilsson og Sigurgeir B Þórisson. Fararstjórn hefur haldið sinn fyrsta fund.</p> <p>3. NSK fundur í Danmörku sl. helgi. Liljar Már Þorbjörnsson og Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir sóttu fundinn.</p> <p>4. EuroMiniJam í Færeyjum sl. sumar tókst mjög vel, um 120 manna mót. Færeyingar stefna að því að halda Adventure Race sumarið 2019.</p> <p>5. Uppskeruhátíð forsetamerkis – tillaga að hafa sama dag og forsetamerkið er afhent. Samþykkt og BLB tekur málið áfram.</p> <p>6. Landsmót skáta 2020 á Akureyri. Ákveðið að auglýsa eftir mótstjóra í næsta þriðjudagspósti.</p> <p>7. Skátamiðstöðin beðin að athuga með styrki til að þýða efni sem tengist ýmsum alþjóðaverkefnum s.s. World Thinking Day.</p> <p>8. Heimsmarkmiðagögn koma fljótlega frá WOSM og WAGGGS.</p>	<p>LMP</p> <p>BLB/HÓV</p> <p>BÍS</p>
10	6	<p>Miðlun upplýsinga og samfélagsþátttaka (Kynning og ímyndarmál)</p> <p>1. Kynningarmánuðurinn – efni – framkvæmd – afgreiðsla. Verið er að vinna í kynningarefni til að senda út til félaganna og auglýsa. Stjórn biður um að starfsfólk BÍS verði vel vakandi og setji inn fréttir þó þær komi ekki frá upplýsingaráðinu.</p> <p>2. Kynningarbæklingur til að senda á félögin. Biðja Sigurgeir B Þórisson að uppfæra bækling sem sendur var út fyrir tveimur árum. Einnig að heyra í nýjum erindreka, Margrethe Grönvold Friis um hvernig kynningarmálum er háttað hjá skátum í Danmörku.</p> <p>3. Hvatakerfið – vinnuhópur – kynning. Færniemerki eru samskonar og færniemerki sem notuð eru í Svíþjóð. Búið er að þýða hvaða kröfur liggja að baki hverju merki og það er nú þegar komið á heimasíðuna: www.skatamal.is/faernimerki. Dagskráráð hefur unnið mikið og gott verk á stuttum tíma.</p>	<p>JEH/BÍS</p> <p>BÍS/SBP</p> <p>HÓV</p>

10	7	<p>Vinnuhópar og staða verkefna</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. „Skátaskólinn“ – niðurstaða vinnuhóps, tillaga að næstu skrefum. Flokkaeining – námskeið í vinnslu. 2. Pepphópurinn – starfsráð tekur málið og þróar áfram. 3. Skátabúningurinn – vinnuhópurinn er að störfum. 4. Félagaprennan – niðurstaða vinnuhóps, tillaga að næstu skrefum. Fundur með tilraunafélögunum sex um miðjan september og starfsdagur verður í nóvember. Starfslýsingar og annað grunnefni er í vinnslu. 5. Heimasíðan – staðan, tillaga að verkaskiptingu framkvæmdar, innleiðingar og tímalína (frá deginum í dag að veruleika). Netfundur með norska tölvufyrirtækinu sem setti upp heimasíðu norsku skátanna https://kmspeider.no/. Verið að kanna hvað af þeirra síðu hentar íslensku skátahreyfingunni. 6. Skátablaðið er í vinnslu. 7. Skátastarf á fleiri stöðum – áætlað að hefja starf í vinnuhópnum fljótlega. 8. Jamboree 2019 -þátttakendur og foringjar fara í undirbúningsútilegu um helgina og allur undirbúningur gengur skv. áætlun. 9. Stuðningsefni sveitarforingja – sveitarforingjamappa – tillaga. Frestað. 10. 12 mánaða markmið um starf ráðanna – umræður og afgreiðsla. Frestað. 11. Heimsmarkmiðatívolí á Úlfljótavatni. Undirbúningur fyrir foringjahelgi á Úlfljótavatni. Drög að dagskrá eru komin og dagskráin verður send út fljótlega. 	<p>BN BN/HÓV/ DÝÓ</p> <p>KÓ</p> <p>JEH/KÓ DÝÓ</p> <p>LMP</p> <p>LMP/MM /BLB/HÓV</p>
20	8	<p>Starfsmannamál</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Margrethe Grönvold Friis erindreki hefur hafið störf. Hún er boðin velkomin til starfa. 	
	9	<p>Önnur mál</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Minnt á að læsa að loknum fundum á kvöldin. 2. Rætt um mögulega staðsetningu á Skátamiðstöðinni og tengja betur við náttúruna. 	
		Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:10	